

Fimmtudaginn 19. september 1996.

Nr. 232/1995.

Pórhallur Dan Johansen

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Hf. Eimskipafélagi Íslands

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Örorka. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1995. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.851.600 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 6. janúar 1982 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara krefst hann þess, að dómkröfuv áfrýjanda verði færðar verulega niður. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Ekki er deilt í málinu um bótaskyldu stefnda vegna slyss þess, sem áfrýjandi varð fyrir 6. janúar 1982. Örorkumat Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis lá fyrir 21. febrúar 1983, og mat hann varanlega örorku áfrýjanda 40%. Er í örorkumatinu meðal annars fjallað um hugsanlegar afleiðingar höfuðhöggs og ekki talið ótrúlegt, að það kynni að valda „einhverri andlegri skerðingu, þó að nú sé ógerningur að greina það“. Þá segir þar, að hugsanlegt sé, „að síðar meir verði að endurmeta örorku slasaða vegna afleiðinga þess slyss, sem hér um ræðir, í ljósi nýrra einkenna“.

Áfrýjandi tók 15. september 1983 við greiðslu úr hendi stefnda sem fullnaðargreiðslu án fyrirvara um bætur vegna hugsanlegs viðbótartjóns.

Á árunum 1988 til 1992 greiddi stefndi samtals 467.278 krónur vegna tannviðgerða áfrýjanda, en í kröfubréfi lögmanns áfrýjanda 29. mars 1983 hafði verið gerður fyrirvari um viðbótarkröfu vegna fullnaðarviðgerðar á tönnum. Fallist er á þá niðurstöðu héraðs-

dóms, að ekki hafi byrjað að líða nýr fyrningarfrestur eftir hverja þessara greiðslna.

Fyrir liggur í málinu bréf lögmanns stefnda til áfrýjanda 16. apríl 1991. Er þar vikið að greiðslum vegna tannviðgerða og rætt um, að gert yrði á næstunni samkomulag um fullnaðarbætur, og var vakin athygli áfrýjanda á tíu ára fyrningarfresti skaðabótakrafna.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, voru að beiðni áfrýjanda fengnar greinargerðir árið 1992 frá Hauki Árnasyni, lækni á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, Torfa Magnússyni, sérfræðingi í heila- og taugasjúkdómum, og dr. Maríu K. Jónsdóttur sálfræðingi um ástand áfrýjanda vegna fyrirhugaðs endurmats á örorku hans. Eru helstu niðurstöður hinna tveggja síðastnefndu raktar í héraðsdómi. Atli Þór Ólason, sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, mat síðan örorku áfrýjanda að nýju 26. maí 1993, og mat hann varanlega örorku hans 55%. Enn var örorka hans metin af Júlíusi Valssyni, sérfræðingi í giktar- og embættislækningum, 1. júlí 1994, og var varanleg örorka nú metin 65%. Ósannað er, að þessi gögn feli í sér upplýsingar um breytingar á heilsufari áfrýjanda, sem voru ekki eða áttu að vera fyrirsjáanlegar, er fyrsta örorkumatið lá fyrir, einkum þegar litið er til þeirrar ábendingar, sem þar er að finna og áður er getið.

Mál þetta var höfðað 31. október 1994. Voru þá liðin tæp þrettán ár frá slysinu, ellefu ár og átta mánuðir, frá því að ofangreint örorkumat Björns Önundarsonar lá fyrir, og rúm ellefu ár, frá því að fyrrnefnd fyrirvaralaus kvittun fyrir fullnaðarbótum var gefin af hálfu áfrýjanda. Ekki verður talið, að stefndi hafi á umræddu tímabili viðurkennt skyldu sína til greiðslu frekari bóta. Með hliðsjón af þessu og því, sem fyrr var rakið, þykir ljóst, að bótakrafa áfrýjanda var fyrnd samkvæmt 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 200.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórhallur Dan Johansen, greiði stefnda, Hf. Eimskipafélagi Íslands, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, 200.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. maí 1995.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 31. 10. 1994. Það var dómtekið 5. þ. m.

Stefnandi er Þórhallur Dan Johansen, kt. 191043-2519, Sunnuvegi 1, Reykjavík.

Stefndi er Eimskipafélag Íslands hf., kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér aðallega 4.345.600 krónur, en til vara 3.851.600 kr., í báðum tilvikum með ársvöxtum sem hér greinir: [...]. Þá er krafist málskostnaðar, að fjárhæð 1.025.198 krónur [...]. Varakrafa stefnanda er óbreytt frá stefnukröfu hans. Hækkun kröfunnar, sem felst í aðalkröfu, var eigi gerð fyrr en við aðalmeðferð málsins, og kemst hún ekki að gegn andmælum stefnda. Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði færðar niður til verulegra muna. Krafist er málskostnaðar að mati dómsins, en til vara, að hann verði látinn niður falla.

2. Stefnandi greinir þannig frá málsástæðum og öðrum atvikum:

„Stefnandi, er starfaði sem skipstjóri á skipum stefnda, varð fyrir slysi um borð í ms. Goðafossi 6. janúar 1982. Var stefnandi 21. febrúar 1983 metinn 40% varanlegur öryrki af völdum slyssins. Tjón hans var gert upp 15. september 1983 miðað við það örorkumat. Með uppgjörinu viðurkenndi stefndi bótaskyldu sína vegna slyssins. Stefnandi hefur þó allar götur síðan þurft að ganga til lækna og þá sérstaklega tannlækna. Hefur stefndi greitt þann tannlæknakostnað fyrir stefnanda. Árið 1993 nam sá kostnaður, sem stefndi hafði greitt fyrir stefnanda, 467.278 krónum. Árið 1991 vildi stefndi gera upp viðbótartjón stefnanda í eitt skipti fyrir öll, en stefnandi vildi fyrst fara í örorkumat. Samkvæmt örorkumati dr. Atla Þórs Ólasonar læknis, dags. 26. maí 1994, sbr. dskj. nr. 23, var stefnandi metinn 55% varanlegur öryrki. Hafði örorka hans því aukist um 15%, frá því að örorkumatið árið 1983 fór fram. Upphófust þá mikil bréfaskipti mill stefnanda og stefnda. Að beiðni stefnda var leitað til Tryggingastofnunar ríkisins og spurst fyrir um þær bæt-

ur, sem stefnanda stæðu þar til boða. Leiddi það til þess, að örorka stefnanda var metin eina ferðina enn. Það mat vann Júlíus Valsson tryggingayfirlæknir. Mat hann stefnanda 1. júlí 1994 sem 65% varanlegan öryrkja, sbr. dskj. nr. 32. Tjón stefnanda var reiknað út af Jóni Erlingi Þorlákssyni miðað við 25% varanlega viðbótarörorku, sbr. örorkutjónsútreikning hans, dags. 30. 8. 1994, sbr. dskj. nr. 38. Stefndi hefur reynst ófáanlegur til að gera upp viðbórtartjón stefnanda. Málsókn er því nauðsynleg.“

Dómkrafa (varakrafa) stefnanda sundurliðast þannig: höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna 25% viðbótarörorku á slysdagi 3.409.800 krónur, verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 204.600 krónur, til frádráttar slysdagsverðmæti örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins 262.800 krónur, miskabætur 500.000 krónur. Örorkutjónskrafan er miðuð við útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 30. 8. 1984, sem grundvallast á örorkumati Júlíusar Valssonar tryggingayfirlæknis, dags. 1. 7. 1994.

Því er haldið fram, að með fyrri miskabótagreiðslu hafi stefnandi ekki fengið bættan allan þann miska, er hann hafi orðið fyrir vegna slyssins. Hann fái nú svima- og svitaköst, og fylgi þeim stundum verkur aftur í hnakka. Þá þjáist hann af kvíðaköstum. Hella fyrir eyrum breytist stundum í suð, sem mjög taki á taugarnar. Þá hafi stefnandi þurft á mikilli tannlæknaþjónustu að halda og gangast undir tannholdsaðgerðir og sé farinn að finna fyrir höggverkjum í tanngómum. Stefndi geti ekki lengur stundað það starf, sem hann var menntaður til, en það hafi ekki verið ljóst við tjónsuppgjörið.

Vextir tímabilið 6. 1. 1982 til 8. 11. 1993 eru miðaðir við sparisjóðsvexti Landsbanka Íslands. Með bréfi lögmanns stefnanda til lögmanns stefnda, dags. 8. október 1993, hafi stefnda verið gerð grein fyrir viðbótarkröfunni, og miðist dráttarvaxtakrafan því við þann dag, sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þegar tjónið hafi verið gert upp, hafi ekki mátt sjá fyrir þær afleiðingar slyssins, sem komið hafi í ljós á síðustu árum, og stefnandi því ekki glatað neinum rétti með því að gefa út fullnaðarkvittun. Um hugsanlega fyrningu er tekið fram, að vextir fyrnist að vísu á fjórum árum, og almenna reglan sé sú, að skaðabótakröfur fyrnist á tíu árum. Hins vegar sé spurningin sú, frá hvaða tíma telja eigi upphaf fyrningarfrests. Með vísun til hæstaréttardóms 1983, bls. 451, verði að telja, að upphaf fyrningarfrests, þegar um persónutjón er að ræða, miðist við dagsetningu örorkumats. Ekki hafi verið unnt að gera sér grein fyrir viðbórtartjóni stefnanda, fyrr en síðasta örorkumat lá fyrir, þ. e. 1. júlí 1994. Sá dagur hljóti því að teljast upphafstími fyrningarfrestsins. Þá er bent á, að stefndi hafi greitt tannlæknakostnað fyrir stefnanda, en sá kostnaður hafi fallið til

eftir uppgjörið árið 1983. Ef miða eigi upphafstíma fyrningarfrests við dagsetningu fyrsta örorkumatsins, hafi nýr fyrningarfrestur byrjað að líða eftir hverja greiðslu.

3. Stefndi kveður dóma hafa gengið um, að forsendur fyrir fullnaðargreiðslu hafi brostið, en þó því aðeins, að endanleg fyrning kröfu hafi ekki legið fyrir. Hann kveður bera að sýkna stefnda vegna fyrningar, þar sem hvorugt hafi gerst, að mál væri höfðað innan tíu ára frá slysdegi eða að stefndi hafi fallist á lengri frest en lög ákveði. Auk 2. mgr. 4. gr. laga nr. 14/1905 vitnar hann til 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (sbr. 78. gr. laga nr. 40/1968), en þar komi skýrt fram, að krafa fyrnist að tíu árum liðnum frá slysdegi. Hann kveður stefnanda hafa verið í lófa lagið að láta gera nýtt örorkumat miklu fyrr en raun bar vitni, en í örorkumati Björns Önundarsonar komi fram, að ef til vill sé ástæða til að meta örorkuna aftur síðar. Þá kveður hann geiðslur vegna tannviðgerða ekki koma við örorkutjóni því, sem nú sé krafist greiðslu á.

Varakrafa er reist á því, að engar aðrar kröfur geti komist að í málinu en hugsanlega auknar kröfur vegna tannviðgerða, en því er haldið fram, að tannviðgerðir séu að fullu bættar með 462.278 krónur. Til ýtrustu vara er dómkröfum stefnanda mótmælt tölulega sem allt of háum.

4. Umrætt slys varð 6. janúar 1982 með þeim hætti, að stefnandi, sem þá gegndi starfi skipstjóra ms. Goðafoss, féll um fjórtán metra niður í lest skipsins. Hlaut hann alvarlegan fjörláverka, m. a. höfuðhögg, opið beinbrot á hægri lærlegg ásamt broti á hnéskei, kurlað brot á efri enda miðhandarbeins hægri þumalfingurs og brot á ristarbeinum. Talsverður skaði varð á andlitsbeinum og tönnum.

Í fullnaðarkvittun lögmanns stefnanda, dags. 15. september 1983, sem er án fyrirvara, kemur fram, að umsamdar bætur nemi 1.200.000 krónum að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Voru þær studdar örorkumati Björns Önundarsonar, dags. 21. 2. 1983, en í skýrslu hans segir:

5. Greiðsla stefnda á skaðabótum til stefnanda 15. september 1983 var til efnda á kröfu lögmanns hans í bréfi, dags. 29. mars 1983, en þar segir m. a.: „Fyrirvari er gerður um viðbótarkröfu vegna fullnaðarviðgerðar á tönnum umbj. m. Skv. upplýsingum tannlæknis mun verða allläng bið á því, að hægt verði að framkvæma hana, og telur tannlæknirinn ekki tímabært að gera kostnaðaráætlun.“ Fram er komið, að eftir það greiddi stefndi stefnanda tannlækniskostnað samkvæmt framvísun reikninga, samtals 467.278 krónur. Krafa stefnanda í málinu felur ekki í sér greiðslu tannlækniskostnaðar. Er eigi fallist á, að nýr fyrningarfrestur hafi byrjað að líða eftir hverja greiðslu.

Stefndi hefur ekki viðurkennt kröfu stefnanda. Frá slysdegi 6. janúar 1982 til stefnubirtingar 31. október 1994 liðu meira en tíu ár, og eru kröfur stefnanda því fyrndar samkvæmt 2. tl. 4. gr., sbr. 1. gr. og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að hvor aðili málsins skuli bera kostnað sinn af rekstri þess.

Dóminn kveður upp Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari ásamt meðdómendum Hjördísi Jónsdóttur, orku- og endurhæfingarlækni, og Kristni Tómassyni, embættis- og geðlækni.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Eimskipafélag Íslands hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Þórhalls Dan Johansen.

Málskostnaður fellur niður.
